STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1992



# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1991, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992.**

1. gr.

2. tl. 3. gr. reglugerðarinnar verði: Úthafsrækja .... heildarafli 35 þúsund lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

7. janúar 1992 Nr. 2

# REGLUGERÐ

**um veiðar á hörpudiski frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992.**

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992 skal heildarafli hörpudisks vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Breiðafjörður | 5.600 lestir |
| Arnarfjörður | 260 lestir |
| Ísafjarðardjúp | 330 lestir |
| Húnaflói | 1.200 lestir |

Nýtist aflamark báts, sem úthlutað er á veiðitímabilinu skv. 1. mgr., ekki að fullu bætist það sem ónýtt er við aflamark fiskveiðiársins 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.